



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2020

PLVG1GR05

Kennari:	Sigurþór Leifsson. Hópur-2 sigurthor@fsu.is	Sk.st.	SL
	Magnús Tryggvason. Hópur-1 maggitryggva@fsu.is		MT

Áfangalýsing:

Nemendur geta óstuddir og hjálparlaust meðhöndlað og beitt helstu vélum og verkfærum sem notuð eru við plötusmíði. Mikil áhersla er lögð á öryggismál. Þeir geta smíðað einfalda gripi eftir nákvæmum teikningum, bæði í vélum og með handverkfærum.

Undanfari: Grunnskólapróf.

Þekkingarviðmið:

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa þekkingu og skilning á:

- Helstu verkfærum, tækjum og vélum sem notuð eru við plötuvinnu.
- Þeim öryggismálum sem tilheyra.
- Mismunandi gerðum þunnplatna eftir yfirborðshúð og áferð.
- Tæringarvörnum, húðun og vinnsluáðferðum.
- Áhrif beyginga á stærð smíðisgripa úr málmplötum.

Leikniviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta:

- Að ákvarða efnisstærðir og þykktir með 0,1mm nákvæmni.
- Að merkja upp einföld verkefni úr þunnplötum eftir vinnuteikningum.
- Að velja handverkfæri til vinnu einfaldra verka.
- Valið beygjuklossa og stillt beygjuvélar m.t.t. efnisþykktar.
- Sett mismunandi smíðishluta saman með hnoðun, skrúfum og punktsuðu.

Hæfniviðmið:

- Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- Merkja upp og smíða einföld verkefni eftir vinnuteikningum.
- Beygja þunnplötur með 1 mm nákvæmni.
- Setja saman smíðishluta með punktsuðu, hnoðun og skrúfum.
- Klippa með hand - og vélklippum þunnplötur af nákvæmni.
- Velja handverkfæri til vinnu einfaldra hluta.

Námsefni: Efni hjá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Einkunnarregla
8	5-9 okt.		Staða tekin á verkefni fyrir miðannarmat
		1. Verkfærakassi 2. Trekt. 3. Skrúfubox. 4. Fagbóklegt. 5. Umgengni og ástundun.	45% 10% 10% 25% 10%

Sérreglur áfangans og námsmat:

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkfærakassa og skili fagbóklegum verkefnum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.